

220 Ökutækjatrýgging

Ábyrgðartrýgging, slysatrýgging ökumanns og eiganda, bílrúðutrýgging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

A. ÁBYRGÐARTRYGGING ÖKUTÆKJA.

1. Þeir sem eru vátryggðir.

- 1.1 Vátryggingartaki er vátryggður, svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því. Sé ökutækið selt er hinn nýi eigandi vátryggður í 14 daga eftir eigendaskipti, enda hafi hann ekki keypt aðra vátryggingu vegna ökutækisins.
- 1.2 Sé vátryggingartaki annar en skráður eigandi ökutækis eða hefur ekki varanleg umráð þess skal hann upplýsa félagið um skráðan eiganda eða þann sem hefur varanleg umráð ökutækisins.

GILDISSVIÐ VÁTRYGGINGARINNAR.

2. Gildissvið.

- 2.1 Vátryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem vátryggingartaka, sem eiganda hins vátryggða ökutækis, er skylt að vátryggja gegn skv. (samkvæmt) núgildandi íslenskum umferðarlögum vegna tjóns er hlýst af notkun ökutækisins.

3. Skemmdir á eigin ökutæki.

- 3.1 Vátryggingin tekur ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum vátryggingartaka eða vátryggðs. Þó bætur vátryggingin skemmdir á öðrum bifreiðum í eigu vátryggingartaka eða vátryggðs sem valdið er með hinu vátryggða ökutæki.

4. Greiðsluskylda félagsins.

- 4.1 Greiðsluskylda félagsins vegna hvers vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu eða lögboðna vátryggingarfjárhæð hvort sem hærra er.

5. Akstur erlendis.

- 5.1 Vátryggingin gildir um notkun ökutækisins á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir vátryggingin í Sviss. Vátryggingartaki skal leysa til sín alþjóðlegt vátryggingarkort fyrir ökutæki („grænt kort“) vegna aksturs erlendis, enda eigi ríkin aðild að samningum um notkun slíks vátryggingarkorts.

ENDURKRAFA.

6. Endurkrafa vegna ásetnings, stórkostlegs gáleysis o.fl. (og fleira).

- 6.1 Félagið getur endurkrafið vátryggingartaka og/eða ökumann hafi félagið vegna ákvæða umferðarlaga eða reglugerðar greitt bætur fyrir tjón, sem vátryggður á ekki rétt á vátryggingarvernd gegn, þegar:
 - a. tjóni hefur verið valdið sökum þess að ökumaður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því er um ræðir eða misst réttindi til að aka því,
 - b. tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, svo sem ef vátryggður hefur vegna undanfarandi neyslu áfengis eða örvandi eða deyfandi lyfja ekki getað stjórnað ökutækinu örugglega eða verið óhæfur til þess, samanber ákvæði umferðarlaga,
 - c. liðnir eru 14 dagar frá eigendaskiptum, sbr. (samanber) gr. (grein) 23.1 í skilmálunum,
 - d. vátrygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar.

7. Takmörkun á ábyrgð vegna breytingar á notkun ökutækis.

- 7.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna tekur m.a. (meðal annars) mið af því hver notkun hins vátryggða ökutækis er



220 Ökutækjatrygging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

samkvæmt því sem skráð er í váttryggingarskírteini. Nú er ökutækið með samþykki váttryggðs notað með öðrum hætti en tilgreint er í váttryggingarskírteininu og komið hefur til greiðslu bóta úr váttryggingunni vegna váttryggingaratburðar sem rekja má til hinnar breyttu notkunar, skerðist ábyrgð félagsins gagnvart váttryggðum að tiltölu við mismun á umsömdu iðgjaldi og því iðgjaldi sem félagið hefði með réttu áskilið sér vegna hinnar breyttu notkunar. Skerðing á ábyrgð félagsins samkvæmt þessu skerðir ekki rétt tjónþola til bóta úr váttryggingunni en félagið á hins vegar endurkröfurétt á hendur váttryggðum sem nemur skerðingunni.

8. Útleiga án ökumanns.

8.1. Félagið á endurkröfurétt á hendur váttryggðum skv. reglum 7. gr. hér að framan vegna tjóns sem hlýst þegar ökutækið er leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga nr. (númer) 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja.

9. Annar akstur en tilgreindur er.

9.1 Félagið á endurkröfurétt á hendur váttryggðum þegar ökutækið er notað til annars aksturs en þess sem getið er í váttryggingarskírteininu.

10. Umferðarlög og lög um váttryggingarsamninga.

10.1 Ákvæði skilmála þessara skerða ekki að neinu leyti þann endurkröfurétt sem félagið á eða kann að eignast skv. (samkvæmt) almennum réttarreglum, umferðarlögum nr. 50/1987 eða lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

SKYLDUR VÁTRYGGÐS ER TJÓN VERÐUR.

11. Skyldur váttryggðs vegna tjóns.

- 11.1 Jafnskjótt og váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð og ætla má að váttryggingin nái til hennar ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- 11.2 Ekki má váttryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bótakröfu án samþykkis félagsins nema váttryggður hafi aðeins gert það sem honum var skylt lögum samkvæmt, er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti hennar. Er váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því að hann muni að höndum bera ber váttryggðum að reyna af fremsta megni að afstýra tjóninu eða draga úr því.
- 11.3 Vanræksla á skyldum váttryggðs skv. 1. og 2. mgr. (málsgrein) getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar eftir lögum um váttryggingarsamninga.

TJÓNSUPPGJÖR OG RÉTTUR TIL AÐ GREIÐA TJÓNÞOLA BÆTUR.

12. Tjónsuppgjör og kostnaður við það.

12.1 Er bótakrafa kemur fram á því sviði sem váttryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Kostnaður, sem af þessu leiðir, greiðir félagið, en þó ekki hærrí en svarar til hlutfalls váttryggingarfjárhæðarinnar af höfuðstól skaðabótanna.

13. Réttur til að greiða tjónþola bætur.

- 13.1 Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónþola). Komi fram skaðabótakrafa getur félagið, á hvaða stigi málsins sem er, fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða váttryggingarfjárhæðina og áfallna vexti og kostnaður sem svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.
- 13.2 Sá sem á rétt til bóta úr váttryggingunni á jafnframt rétt til vaxta af bótunum lögum samkvæmt.

BREYTING ÁHÆTTU.



220 Ökutækjatrygging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

14. Aðsetursskipti, breytingar á ökutæki og aukin áhætta.

- 14.1 Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flytur búferlum. Hið sama gildir um hvern þann sem er skráður eigandi ökutækis eða hefur varanleg umráð þess sé hann ekki vátryggingartaki.
- 14.2 Vátryggður skal tilkynna allar breytingar á ökutækinu eða notkun þess er haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni, svo sem notkun sérstakra tækja og búnaðar eða þátttöku í aksturskeppni. Láti vátryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu leysist félagið úr ábyrgð skv. reglum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

15. Aksturskeppni.

- 15.1 Félaginu er heimilt að krefjast viðbótariðgjalds vegna aksturskeppni eða æfinga fyrir slíka keppni.

VARÚÐARREGLA OG EIGIN ÁHÆTTA.

16. Varúðarregla um ástand ökutækis.

- 16.1 Vátryggðum er skylt að gæta þess að ökutæki sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega ber honum að sjá um að öryggistæki þess séu í lagi. Vanræksla í þessu efni getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

17. Eigin áhætta.

- 17.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu, ef þess er getið í skírteini eða iðgjaldskvittun. Krafa félagsins um greiðslu eigin áhættu fellur í gjalddaga jafnskjótt og félagið hefur innt af hendi bráðabirgða- eða fullnaðargreiðslu vegna tjónsins.

GILDISTÍMI, IÐGJALD O.FL. (OG FLEIRA).

18. Gildistími vátryggingarinnar.

- 18.1 Vátryggingin tekur gildi þann dag sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu skv. vátryggingarbeiðninni. Ef vátryggingarskírteini hefur ekki verið gefið út gengur vátryggingin í gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hefur fengið vátryggingarbeiðnina í hendur nema öðruvísi sé um samið. Sé ekki um annað samið gildir vátryggingin til næsta gjalddaga kl. (klukkan) 00.00.

19. Framlenging vátryggingarinnar.

- 19.1 Vátryggingin framlengist um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp skriflega innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 21.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins. Uppsögn kemur þó því aðeins til framkvæmda að vátryggingarsamningur hafi komist á hjá öðru félagi í síðasta lagi fyrir þann gjalddaga.
- 19.2 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar til um reksturinn sem greinir í 3. málslíð 1. mgr. getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félagsins.
- 19.3 Sé vátryggingartaki fjármálafyrirtæki og vátryggingin er tekin í tengslum við samning um að fjármagna kaup á hinu vátryggða ökutæki er félaginu heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að gera vátryggingarsamning sem gildir til jafnlengdar fjármögnunarsamningnum. Iðgjald skal þó ákveðið og innheimt fyrir eitt ár í senn. Vátryggingartaka er heimilt að segja vátryggingunni upp skriflega með minnst eins mánaðar fyrirvara miðað við lok vátryggingarsamningsins. Um uppsögnina gildir að öðru leyti lokamálsliður 1. mgr.

20. Breytingar á vátryggingarskilmálum.

220 Ökutækjatrýgging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

20.1 Ef félagið gerir aðrar breytingar á váttryggingarskilmálum og/eða iðgjaldagrundvelli en þær sem falla undir gr. 25.1 í skilmálum þessum, skal félagið tilkynna váttryggingartaka sérstaklega um þessar breytingar í samræmi við ákvæði laga um váttryggingarsamninga.

21. Lok váttryggingarsamnings.

21.1 Um lok váttryggingarsamningsins fer að öðru leyti eftir gr. 22.1, 24.1 og 26.1 í skilmálum þessum.

22. Greiðsla iðgjalds og niðurfelling váttryggingar vegna vanskila.

22.1 Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þegar ábyrgð félagsins hefst, sbr. gr. 17.1. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

22.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist, ella fellur váttryggingin úr gildi sé iðgjaldið enn ógreitt þegar þrjú mánuðir eru liðnir frá gjalddaga.

22.3 Hafi váttryggingin verið tekin með einhliða yfirlýsingu váttryggingartaka, er félaginu heimilt að skora á váttryggingartaka að greiða iðgjaldið eða semja um greiðslu þess þegar í stað og í síðasta lagi innan viku frá móttöku slíkrar tilkynningar. Verði váttryggingartaki ekki við áskoruninni er félaginu heimilt að fella váttrygginguna strax úr gildi.

22.4 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. eða 3. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

22.5 Í tilkynningum skv. 2. og 3. mgr. skal tekið fram að váttrygging falli úr gildi verði hún ekki greidd innan tilskilins frests svo og um réttaráhrif þess falli váttryggingin úr gildi, sbr. gr. 22.1.

22.6 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

22.7 Falli váttrygging niður skv. 2. eða 3. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.

22.8 Iðgjöld eru lögtakskræf skv. heimild í umferðarlögum.

22.9 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

23. Áhrif þess að váttrygging fellur úr gildi vegna vanskila.

23.1 Falli váttrygging úr gildi skv. gr. 21.2 eða 21.3 tilkynnir félagið það til Samgöngustofu skv. ákvæðum reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar. Ber þá lögreglustjóra skv. þeirri reglugerð að hlutast til um að skráningarmarki séu tafarlaust tekin af ökutækinu.

24. Sala ökutækis og afskráning.

24.1 Váttryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, enda gildir váttryggingin ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum, sbr. gr. 1.1.

24.2 Sé ökutækið selt eða afskráð endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu, enda hafi ný trygging verið keypt fyrir ökutækið við eigendaskipti. Ef um endurkröfu vegna eigendaskipta er að ræða skv. d. lið gr. 6.1 í skilmálunum endurgreiðir félagið seljanda hlutfallslega iðgjald frá tjónsdegi.

25. Innistaða skráningarnúmers.



220 Ökutækjatrygging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 25.1 Hafi ökutækið eigi verið í notkun og skráningarnúmer þess verið í vörslu Samgöngustofu eða þess sem hefur umboð hennar í a.m.k. (að minnsta kosti) 30 daga samfleytt endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið. Þetta gildir þó ekki um vátryggingu fyrir dráttarvélar, snjóbíla, torfærutæki (vélsleða og fjórhjól), húsbíla og fornbíla, enda hafi verið tekið tillit til þess við iðgjaldsákvörðun.
- 26. Iðgjaldsákvörðun og iðgjaldsálag.**
- 26.1 Iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum sem raska bótgrundvellingum. Slíkar breytingar veita hvorki vátryggingartaka né félaginu rétt til uppsagnar.
- 26.2 Greiði félagið bætur vegna þess ökutækis sem vátryggingarsamningur tekur til skal greiða sérstakt iðgjaldsálag skv. iðgjaldaskrá og nánar er tilgreint í skírteini eða iðgjaldskvittun. Iðgjaldsálagið fellur í gjalddaga um leið og félagið hefur greitt bætur vegna tjóns sem að lágmarki nemur fjárhæð sem nánar er tilgreind í skírteini eða iðgjaldskvittun.
- 26.3 Verði tjónareynsla félagsins vegna vátryggðs ökutækis mjög slæm er félaginu heimilt að ákvarða iðgjaldið sérstaklega eins og nánar greinir í iðgjaldaskrá.
- 27. Uppsagnarréttur félagsins.**
- 27.1 Félagið hefur heimild til að segja vátryggingarsamningi upp ef vátryggingartaki og/eða vátryggður hefur ítrekað stórlega vanrækt skyldur sínar gagnvart félaginu. Segi félagið upp vátryggingarsamningi skv. þessu ákvæði skal uppsagnarfrestur vera tveir mánuðir nema lög um vátryggingarsamninga heimili skemmri frest. Skal félagið senda vátryggingartaka tilkynningu þar að lútandi á sannanlegan hátt og gera honum grein fyrir ástæðum og afleiðingum uppsagnarinnar.
- 27.2 Að liðnum uppsagnarfresti skv. 1. mgr. skal félagið tilkynna Umferðarstofu um að vátryggingin sé fallin úr gildi. Félagið ber þó áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að Umferðarstofa fékk tilkynningu þessa, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið keypt.
- 27.3 Ljúki vátryggingu með þeim hætti sem greinir í 1. og 2. mgr. endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingartímabilinu.
- 28. Lög um vátryggingarsamninga, lausn ágreiningsmála o.fl. (og fleira).**
- 28.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 28.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 28.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.
- 28.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík

B. SLYSATRYGGING ÖKUMANNS OG EIGANDA SEM FARÞEGA.

1. ALMENNIR SKILMÁLAR.

- 1.1 Um vátrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum vátryggingarsamnings.

GILDISSVIÐ VÁTRYGGINGARINNAR.



220 Ökutækjatrýgging

Ábyrgðartrýgging, slysatrýgging ökumanns og eiganda, bílrúðutrýgging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

2. Gildissvið og hámarksbætur.

- 2.1 Félagið greiðir bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum.
- 2.2 Vátryggingarfjárhæð er skv. umferðarlögum og breytist árlega eftir ákvörðun ráðherra.

3. Farþegi í eigin ökutæki.

- 3.1 Félagið greiðir einnig bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem vátryggingartaki verður fyrir sem farþegi í eigin ökutæki. Vátryggingarfjárhæð er á hverjum tíma sú sama og í gr. 2.2.

4. Ákvörðun bóta.

- 4.1 Um ákvörðun bóta fer eftir almennum reglum íslensks skaðabótaréttar.

5. Frádráttur skaðabóta.

- 5.1 Bætur úr þessari slysatrýggingu dragast frá skaðabótum, sem tjónþoli kann að eiga vegna slyssins, eftir umferðarlögum eða öðrum skaðabótareglum.

6. Akstur erlendis.

- 6.1 Vátryggingin gildir um notkun ökutækisins á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir vátryggingin í Sviss.

7. Undanskilin áhætta.

- 7.1 Félagið bætir ekki tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama á við um tjón af völdum kjarnorku, geislunar eða geislavirkra efna, svo og tjón er stafa af eldgosí, jarðskjálfta, skriðufalli, snjóflóði eða öðrum náttúruhamförum.

SKYLDUR VÁTRYGGÐS GAGNVART FÉLAGINU.

8. Missir réttar til bóta.

- 8.1 Réttur til vátryggingarbóta getur fallið niður samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga ef vátryggingartaki eða vátryggður vanrækir skyldur sínar gagnvart félaginu, til dæmis ef hann veldur tjóni með því að aka án þess að hafa ökuréttindi eða veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, svo sem ef hann ekur undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna.

9. Sala ökutækis og afskráning.

- 9.1 Vátryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, en vátryggingin gildir ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum, enda hafi ekki verið keypt önnur vátrygging vegna ökutækisins.

ALMENN ATRIÐI.

10. Iðgjaldsákvörðun og iðgjaldsálag.

- 10.1 Greiði félagið bætur vegna þess ökutækis sem vátryggingarsamningur tekur til skal greiða sérstakt iðgjaldsálag skv. iðgjaldaskrá og nánar er tilgreint í skírteini eða iðgjaldskvittun. Iðgjaldsálagið fellur í gjalddaga um leið og félagið hefur greitt bætur vegna tjóns sem að lágmarki nemur fjárhæð sem nánar er tilgreind í skírteini eða iðgjaldskvittun.
- 10.2 Verði tjónareynsla félagsins vegna vátryggðs ökutækis mjög slæm er félaginu heimilt að ákvarða iðgjaldið sérstaklega eins og nánar greinir í iðgjaldaskrá.



220 Ökutækjatrygging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

11. Tilvísun í skilmála.

11.1 Að öðru leyti vísast til skilmála félagsins fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja eftir því sem við á.

C. BÍLRÚÐUTRYGGING.

1. Almennir skilmálar.

1.1 Um váttrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings.

GILDISSVIÐ VÁTRYGGINGARINNAR.

2. Gildissvið.

2.1 Váttryggingin bætir brot á bílrúðu ökutækisins ásamt ísetningarkostnaði, nema váttryggður hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist. Váttryggingin bætir eingöngu fram-, hliðar- og afturrúður.
2.2 Bætur úr rúðutryggingu verða aldrei hærri en sem nemur 35% af verðmæti bifreiðarinnar.

3. Rúður með sérbúnaði.

3.1 Váttryggingin tekur til venjulegrar bílrúðu ökutækis. Bætur miðast við sambærilega bílrúðu með sömu eiginleika og sú sem var í bifreiðinni fyrir tjónið. Ef um óvenjulega bílrúðu er að ræða, til dæmis rúðu með sérbúnaði sem gerir hana mun dýrari en venjulega bílrúðu í sambærilegri bifreið, eru þó aðeins greiddar bætur er nema andvirði venjulegrar bílrúðu.

4. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

4.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna félaginu það skriflega og krafa skal tilkynnt eigi síðar en innan árs frá því hann vissi eða mátti vita að váttryggingaratburður hafi orðið. Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar eftir lögum um váttryggingarsamninga.

5. Eigin áhætta.

5.1 Bæti váttryggingin tjón á bílrúðu vegna rúðutjóns með nýrri bílrúðu ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Sé unnt að gera við hina skemmdu bílrúðu greiðir váttryggingin fyrir viðgerð hennar án eigin áhættu váttryggingartaka.

6. Bílrúðutrygging

6.1 Sé ökutæki í eigu rekstraraðila, sem getur nýtt greiddan virðisaukaskatt vegna ökutækisins sem innskatt í rekstri sínum, bætir félagið ekki þann hluta tjóns sem nemur virðisaukaskatti, hvort sem um er að ræða bætur fyrir algert tjón eða vegna viðgerðarkostnaðar.

7. Úrtaka, ísetning og afnotamissir.

7.1 Rúða sem brotnar við úrtöku eða ísetningu er ekki bætt. Ekki er bætt tjón vegna afnotamissis ökutækisins er rúða brotnar.

ALMENN ATRÍÐI.

8. Endurgreiðsla.



220 Ökutækjatrýgging

Ábyrgðartrygging, slysatrygging ökumanns og eiganda, bílrúðutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 8.1 Lögjald af vátryggingu þessari verður ekki endurgreitt þótt um tímabundna afskráningu eða innistöðu sé að ræða.
- 9. **Tilvísun í skilmála.**
- 9.1 Að öðru leyti vísast til skilmála félagsins fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu eftir því sem við á.

Skilmálar þessir gilda frá 17. nóvember 2016.